

Fundargerð stjórnar SOS nr. 334

Staður: Fundarsalur SASS að Austurvegi 56, Selfossi.

Dagsetning og tími: 19. ágúst kl. 10:00.

Mætt voru: Ása Valdís Árnadóttir (ÁVÁ), formaður, Bragi Bjarnason (BB), Fjóla St. Kristinsdóttir (FSK), Jón Valgeirsson (JV) og Ingunn Jónsdóttir (IJ) framkvæmdastjóri SOS og SASS sem ritaði fundargerð. Fjarverandi var Dagný Sif Sigurbjörnsdóttir (DSS). Auk þess tók Elísabet B Lárusdóttir starfsmaður SASS þátt í fundi undir lið 4.

1. Samningur Sorpstöðvar Suðurlands við Samtök sunnlenskra sveitarfélaga.

Fyrir liggur að ekki er í gildi samningur milli SOS og SASS og gerði endurskoðandi athugasemd við það við vinnslu ársreiknings 2024.

Fyrir fundinum liggja drög að samningi fyrir 2025.

Stjórn samþykkir samhljóða samninginn og felur formanni að undirrita fyrir hönd SOS.

2. Prókúra og tilkynning um stjórn.

Stjórn samþykkir að veita Ingunni Jónsdóttur framkvæmdastjóra SOS prókúru fyrir SOS. Framkvæmdastjóra falið að ganga frá tilkynningu til RSK um breytingu á prókúruhafa og stjórn.

3. Erindi frá Pure North.

Fyrir liggur erindi frá Pure North, dagsett 20.07.2025 þar sem lýst er yfir áhuga á nýta Kirkjuferjuháleigu til uppbyggingar fyrir nýjar lausnir í úrgangsmálum.

Stjórn gerir ekki athugasemdir við að Pure North hafi samband við Sveitarfélagið Ölfus og kanni hug þeirra til uppbyggingar á jörðinni þar sem það fer með skipulagsvald á svæðinu. Framkvæmdastjóra falið að fylgja verkefninu eftir.

4. Kynning frá Elísabetu Björney Lárusdóttur.

Elísabet Björney Lárusdóttir fer yfir stöðu á gagnaöflun og vinnu vegna greiningar á stöðu úrgangsmála á Suðurlandi.

Stjórn þakkar Elísabetu fyrir kynninguna og felur formanni og framkvæmdastjóra að vinna drög að verklýsingu fyrir kortlagningu um stöðu úrgangsmála á Suðurlandi fyrir næsta stjórnarfund.

5. Staða brennslumála.

Farið var yfir stöðu mála og ákveðið að meta stöðuna þegar frekari upplýsingar liggja fyrir.

6. Næstu stjórnarfundir og greiðslur vegna stjórnarfunda.

Samþykkt tillaga að fundarröð fram að aðalfundi;

Þriðjudaginn 9. september klukkan 13:00

Þriðjudaginn 14. október klukkan 14:00

Miðvikudaginn 22. Október kl.19 á Kirkjubæjarklaustri

Aðalfundur SOS haldin samhliða ársþingi SASS 23.-24. Október á Kirkjubæjarklaustri.

Stjórn samþykkir að héðan í frá sé hafður sá háttur að það sé greitt fyrir stjórnarfundum næstu mánaðarmót eftir að stjórnarfundur er haldinn.

7. Önnur mál.

Engin önnur mál rædd.

Fundi slitið klukkan 12:00